



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
32. eigendafundar Strætó bs.

Fjarfundur
Mánudaginn 30. ágúst 2021, kl. 12:45

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ.

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík.
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.
Rúnar Bragi, Mosfellsbæ.
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði.
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri mannauðs – og rekstrarsviðs Strætó bs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Strætó bs. / málsnr. 2108006

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., ásamt Jóhannesi Svavari Rúnarssyni framkvæmdastjóra Strætó bs kynntu stöðu og drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2022. Farið yfir fjárfestingar í vögnum og upplýsingakerfi ásamt lánveitingu græns láns frá Lánasjóði Sveitarfélaga.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2022, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.

2. Rekstraráætlun almenningsamgangna / málsnr. 2104001

Stjórn Strætó bs. bendir á mikilvægi þess að taka formlega ákvörðun um rekstur á nýju leiðarneti s.s. er varðar útboðsfyrirkomulag, upplýsingatæknikerfi o.fl.

Fram kemur að í samkomulagi við ríkið frá 26.september 2019 varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu og í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu. Ráðherra samgöngu- og sveitarstjórráðherra hefur nú ákveðið að stofnaður verði hópur sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun skv. samgöngusáttmálanum. Mikilvægt er að ofangreind atriði sem taka þarf ákvörðun um verði hluti af því samtali sem framundan er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.